

Miðvikudaginn 25. september 1991.

Nr. 157/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Kjartani Ólafssyni

(Sigurmar K. Albertsson hrl.).

Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar sl. að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði yrði jafnframt dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa. Málsvarnarlauna er ekki krafist.

Staðfesta ber sakfellingu ákærða og færslu brota til refsíákvæða.

Ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987 um refsingar hafa ekki að geyma ákvæði um ítrekunaráhrif brota. Tilvísun héraðsdóms til 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á því ekki við um ákvörðun refsingar ákærða. Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Við ákvörðun refsingar ber að líta til sakaferils ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði var dæmdur í 3 mánaða varðhald skilorðsbundið í 3 ár í sakadómi Reykjavíkur 11. apríl 1990 fyrir brot á 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða, sem hér er til meðferðar, var framið fyrir uppsögu þess dóms. Samkvæmt heimild í 60. gr. almennra hegningarlaga þykir þó mega láta skilorðsdóminn haldast, þar sem brotin eru mjög mismunandi tegundar. Ákveða ber ákærða refsingu fyrir brot þess máls, er hér er til meðferðar, sem hegningarauka við brot fyrra málsins samkvæmt 78. gr. sömu laga. Að þessum sjónarmiðum athuguðum ber að ákveða ákærða eins mánaðar varðhald.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar að frátöldum málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, en þeirra er ekki krafist. Nánar greinir um ákvörðun áfrýjunarkostnaðar í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kjartan Ólafsson, sæti varðhaldi í einn mánuð.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 28. janúar 1991.

Ár 1991, mánudaginn 28. janúar, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er á skrifstofu dómsins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1888/89: Ákærvaldið gegn Kjartani Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 4. september 1989, gegn ákærða, Kjartani Ólafssyni sjómanni, með lögheimili að Túngötu 6, Grindavík, áður til heimilis að Miðvangi 77, Hafnarfirði, nú með dvalarstað að Reynimel 82, Reykjavík, kt. 301157-5689, fæddum í Hafnarfirði, „fyrir að aka mánudaginn 19. júní 1989, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni M-3120 um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Freyjugötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Dómari fékk mál þetta til meðferðar frá öðrum dómara 25. júní sl.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði þrisvar sætt refsingu og sviptingu ökuleyfis, síðast 1985 (45 daga varðhald og ævilöng ökuleyfissvipting). Einnig hefur hann tvisvar sæst á sektargreiðslu fyrir að aka bifreið öku-

leyfislaus. Hinn 11. apríl 1990 var hann dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið varðhald fyrir líkamsárás.]

Dómsáttin frá 13. júní 1985, dómurinn frá 3. desember sama ár, dómsátt frá 16. janúar 1987 og dómur 12. febrúar 1988, allt afgreiðslur úr sakadómi Reykjavíkur, hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði var dæmdur í þriggja mánaða varðhald, skilorðsbundið í þrjú ár, í sakadómi Reykjavíkur 11. apríl sl. fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955, og verður hin skilorðsbundna refsing ákærða, Kjartans, samkvæmt dóminum frá 11. apríl sl. felld inn í þá refsingu, sem honum verður nú ákvörðuð, en brot ákærða í máli þessu er framið fyrir uppsögu framangreinds dóms og því ekki rof á skilorði hans. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fimm mánaða fangelsi, en fullnustu þriggja mánaða refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kjartan Ólafsson, sæti fangelsi í fimm mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða refsingarinnar í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, og skal hún þá niður falla, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.